

Heimasíða HÍN: www.hin.is

Þá er ný og endurgerð heimasíða HÍN komin í gagnid! Til hamingju félagsmenn sem og aðrir góðir landsmenn! Slóðin á heimasíðuna er <http://www.hin.is>

Á heimasíðunni er að finna ýmsar upplýsingar um HÍN, s.s. um lög félagsins, skipan stjórnar og ritstjórnar, tilkynningar um fræðsluerindi og ágrip þeim tengd, auk gagnlegs fróðleiks um Náttúrufræðinginn.

Einn helsti kostur við heimasíðuna er vafalaust leitarsíðan þar sem hægt er að leita að útgefnu efni sem birst hefur í Náttúrufræðingnum frá upphafi. Til að byrja með er hægt að kalla fram upplýsingar um höfund, útgáfuár, árgang, tölublað og blaðsíðutal með hliðsjón af leitarorði, t.d. höfundarnafni eða efnisorði á borð við marsvín. Þegar fram í sækir er stefnt að því að hægt verði að kalla fram ágrip nýrra greina og hugsanlega eldri greinar í heild sinni.

Stjórn HÍN væri fengur að því að fá ábendingar frá félagsmönnum um hvað eina sem lýtur að gerð heimasíðunnar. Ábendingar til stjórnar er hægt að senda á netföngin stjorn@hin.is og hin@hin.is

Netföng félagsmanna

Enn vantar netföng frá félagsmönnum. Stjórnin hvetur félagamenn sem hafa netföng til að senda þau á stjorn@hin.is eða hin@hin.is þar sem tilkynningar um fræðsluerindin og fleira eru sendar út á netinu.

Hið íslenska náttúrufræðifélag.
Afgreiðsla félagsins er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.
Hlemmi 3, 125 Reykjavík.
Sími: 5900500
Netfang: hin@hin.is
Heimasíða: www.hin.is
Áb. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist.

Félagsbréf



1. tölublað

Febrúar 2006

31. árgangur

Aðalfundur HÍN!

Boðað er til aðalfundar hjá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi laugardaginn 25. febrúar 2006 kl. 14:00 í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofnu Kópavogs í Safnahúsinu, Hamraborg 6 A, Kópavogi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2005.
3. Reikningar HÍN fyrir árið 2005.
4. Skýrslur fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2005.
5. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
6. Tillögur til ályktunar.
7. Önnur mál.
8. Fundarslit.

Kaffiveitingar verða í boði.

Tilboð á Náttúrufræðingnum!

Hið íslenska náttúrufræðifélag á nokkrar umframbirgðir af flestum heftum Náttúrufræðingsins frá og með 41. árgangi og fram að 71. árgangi þegar tímaritið breytti um útlit. Það samræmist ekki meginmarkmiði félagsins um miðlun fróðleiks að þessar birgðir safni ryki í myrkum kjallarageymslum. Auk þess kostar geymslan pening og dýrmætt rými.

Stjórn HÍN hefur því haft á stefnuskrá sinni um nokkurn tíma að koma umframbirgðum tímaritsins út á meðal fólks. Í fyrra var t.d. efnt til söluátaks þar sem heftið fékkst fyrir litlar 50 kr. Þá ákvað stjórn félagsins nýlega að bjóða grunn- og framhaldsskólum landsins 41. til 70. árgang af Náttúrufræðingnum endurgjaldslaust til eignar að því tilskyldu að sendingarkostnaður yrði greiddur. Þessu tilboði hafa nær 100 skólar tekið og eru því horfur á að birgðastaða tímaritsins vænkist verulega.

Félagsmenn HÍN, sem og aðrir áhugasamir um náttúrufræðilegt efni, eru eindregið hvattir til að ná sér í eldri hefti Náttúrufræðingsins á hagstæðu verði. Tímaritið fæst í **Safnahúsinu**, húsakynnum Náttúrufræðistofu Kópavogs að **Hamraborg 6a** í Kópavogi. Hvert hefti kostar aðeins 50 kr., eða 200 kr. árgangurinn (fjögur hefti). Enn meiri afsláttur fæst við kaup á mörgum árgöngum.

Í Safnahúsinu eru einnig til sölu bækurnar *Surtsey, lífríki í mótun* eftir Sturlu Friðriksson (kr. 1500) og *Náttúra Mývatns* í ritstjórn Arnþórs Garðarssonar og Árna Einarssonar (kr. 2000) sem HÍN gaf út á sínum tíma.

Félagsmenn HÍN eru hvattir til að nýta sér framangreind kostaboð og kynna þau fyrir öðrum.

Af fálkum – næsta fræðsluerindi HÍN

Næsta fræðsluerindi HÍN verður haldið **mánudaginn 27. febrúar nk.** Þá mun **dr. Ólafur K. Nielsen** vistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands flytja erindið *Af fálkum*.

Ólafur hefur fengist við rannsóknir á fálkum síðan 1981 og unnið mest við þær á Norðausturlandi. Í erindinu mun hann fjalla um lífsferil fálkans og tengsl fálkans og rjúpunnar. Einnig verða sýndar ljósmyndir af fálkum og rjúpum eftir Jóhann Óla Hilmarsson og Daníel Bergmann. Bæði Daníel og Jóhann eru þekktir fyrir myndir af fuglum og bækur sínar um fugla og náttúru landsins. Í lok fyrirlestrar verða sýnd nokkur myndskreið úr mynd um fálka og rjúpu sem Magnús Magnússon kvikmyndagerðarmaður er að ljúka við að gera.

Fræðsluerindi HÍN eru ávallt haldin síðasta mánudag hvers mánaðar á tímabilinu september-maí að desember undanskildum. Erindin hefjast **kl. 17:15 og eru haldin í Öskju, stofu 132, Náttúrufræðahúsi Háskólans við Sturlugötu í Vatnsmýri.**

Fræðsluerindi HÍN eru jafnan auglýst í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og í dagbók RÚV. Einnig eru upplýsingar um fræðsluerindin að finna á heimasíðu félagsins **www.hin.is**

Aðgangur að fræðsluerindum HÍN er ókeypis og öllum heimill.